



Niðurstöður úr kjarakönnun Verkfræðingafélags Íslands 2020 - Verkfræðingar

Unnar í samvinnu við Félagsvísindastofnun HÍ

Niðurstöður úr kjarakönnun Verkfræðingafélags Íslands 2020 - Verkfræðingar

Unnar í samvinnu við Félagsvísindastofnun HÍ

Efnisyfirlit

Mynda- og töfluskrá

Inngangur

Úrvinnsla, bakgrunnsupplýsingar

Niðurstöður

Viðauki I Bakgrunnsupplýsingar um svarendur

Viðauki II Yfirvinna

Inngangur	4
Úrvinnsla, bakgrunnsupplýsingar	5
Mynd 4. Samanburður á meðalstarfsaldri eftir aðalstarfsvettvangi	8
Mynd 5. Samanburður á meðalstarfsaldri eftir starfssviði	8
Niðurstöður	9
Tafla 1. Samanburður heildargreiðslna í febrúar 2020 og 2019 eftir útskriftarári	10
Tafla 2. Samanburður heildargreiðslna í febrúar 2020 og 2019 eftir starfsvettvangi	11
Tafla 3. Samanburður heildargreiðslna í febrúar 2020 og 2019 eftir fagsviði	12
Tafla 4. Samanburður heildargreiðslna í febrúar 2020 og 2019 eftir starfssviði	13
Tafla 5. Heildargreiðslur í febrúar 2020 eftir útskriftarári	14
Tafla 6. Febrúarlaun 2020. Meðaltal heildargreiðslna eftir útskriftarári	15
Tafla 7. Febrúarlaun 2020. Meðaltal heildargreiðslna eftir aldri	15
Tafla 8. Febrúarlaun 2020. Meðaltal heildargreiðslna eftir aðalstarfsvettvangi	16
Tafla 9. Febrúarlaun 2020. Meðaltal heildargreiðslna eftir aðalfagsviði	16
Tafla 10. Febrúarlaun 2020. Meðaltal heildargreiðslna eftir aðalstarfssviði	17
Tafla 11. Febrúarlaun 2020. Meðaltal heildargreiðslna eftir kyni	17
Tafla 12. Febrúarlaun 2020. Meðaltal heildargreiðslna eftir starfsaldri og aðalstarfsvettvangi	18
Tafla 13. Febrúarlaun 2020. Meðaltal heildargreiðslna eftir aldri og aðalstarfsvettvangi	19
Tafla 14. Febrúarlaun 2020. Meðaltal heildargreiðslna eftir aðalfagsviði og aðalstarfsvettvangi	20
Tafla 15. Febrúarlaun 2020. Meðaltal heildargreiðslna eftir aðalstarfssviði og aðalstarfsvettvangi	21
Tafla 16. Febrúarlaun 2020. Meðaltal heildargreiðslna eftir kyni og aðalstarfsvettvangi	22
Tafla 17. Febrúarlaun 2020. Meðaltal heildargreiðslna eftir menntun og aðalstarfsvettvangi	23
Tafla 18. Febrúarlaun 2020. Meðaltal heildargreiðslna eftir menntun	23
Tafla 19. Febrúarlaun 2020. Meðaltal heildargreiðslna eftir því hvort svarendur fengu greidda yfirvinnu í febrúar eða ekki	23
Viðauki 1. Tafla 20 - Kyn svarenda	24
Viðauki 1. Tafla 21 - Aldur svarenda	24
Viðauki 1. Tafla 22 - Starfsaldur	24
Viðauki 1. Tafla 23 - Meðalaldur karla og kvenna	25
Viðauki 1. Tafla 24 - Menntun	25
Viðauki 1. Tafla 25 - Útskriftarár	25
Viðauki 1. Tafla 26 - Aðalfagsvið	26
Viðauki 1. Tafla 27 - Aðalstarfsvettvangur	26
Viðauki 1. Tafla 28 - Aðalstarfssvið	27
Viðauki 1. Tafla 29 - Gegnir þú einhverri af eftirfarandi stöðum?	27
Viðauki 1. Tafla 30 - Mannaforráð (fjöldi starfsmanna)	28
Viðauki 1. Tafla 50- Eru samkeppnisákvæði í þínum ráðningarsamningi?	28
Viðauki 1. Tafla 31 - Eru samkeppnisákvæði í þínum ráðningarsamningi?	28
Viðauki 1. Tafla 32 - Fórst þú í launaviðtal á síðasta ári (2019)?	28
Viðauki 1. Tafla 33 - Hækkuðu laun þín eftir viðtalið? (vinsamlegast svaraðu út frá síðasta viðtali)	29
Viðauki 2. Tafla 34 - Hvort greitt var fyrir yfirvinnu í febrúar 2019*	29
Viðauki 2. Tafla 35 - Unnir yfirvinnutímar að meðaltali í febrúar 2020	29
Viðauki 2. Tafla 36 - Unnir yfirvinnutímar að meðaltali í febrúar 2020 (þeir sem fengu greidda yfirvinnu)	29
Leiðréttur kynbundinn launamunur	30

Hér birtast niðurstöður úr kjarakönnun verkfræðinga árið 2020. Könnunin var gerð á rafrænan hátt og sá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands um bæði framkvæmd og úrvinnslu. Með því er þátttakendum í könnuninni tryggt nafnleysi.

Könnunin var send á netföng 2483 verkfræðinga í Kjaradeild Verkfræðingafélags Íslands en boð um þátttöku barst ekki til 51 félaga þar sem um röng netföng var að ræða. Því fengu 2432 manns senda könnunina í tölvupósti. Alls bárust 893 svör. Svarhlutfall er því tæplega 37%. Af þessum svarendum voru 28 án atvinnu og af þessum og öðrum sökum voru nothæf svör alls 865. Könnunin nú er sú 33. sem gerð er með svipuðum hætti. Niðurstöðurnar eru birtar í rafrænum bæklingi á heimasíðu VFÍ:

<https://www.vfi.is/>

Misjafnt er hve mörg svör eru bak við einstakar töflur í bæklingnum þar sem sumir luku ekki við spurningalistann eða slepptu að svara einstökum spurningum.

Þar sem könnunin er gerð árlega eru allar ábendingar um það sem betur má fara vel þegnar og er fólk beðið um að snúa sér til skrifstofu VFÍ með þær, t.d. með því að senda tölvupóst (kjaramal@verktaekni.is).

Kjaradeild Verkfræðingafélags Íslands

Tölfræðileg úrvinnsla könnunarinnar var unnin af starfsmönnum Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands. Allir þátttakendur voru spurðir um laun sín í febrúar 2020 (laun greidd 1. mars).

Febrúarlaun 2020:

- 1 Föst mánaðarlaun, þ.m.t. föst yfirvinna
- 2 Unnin yfirvinna
- 3 Bílastyrkur (tekjur)
- 4 Dagpeningar
- 5 Bónusgreiðslur
- 6 Aðrar greiðslur

Heildargreiðslur febrúarlauna eru reiknaðar sem summa fastra mánaðarlauna (þ.m.t. yfirvinnu), bílastyrks, annarra greiðslna og bónusgreiðslna. Þess skal getið að í ár var sérstaklega spurt um eingreiðslur, en hluti starfsmanna hjá ríkinu fékk afturvirkar greiðslur vegna nýgerðra kjarasamninga. Til að þessar greiðslur myndu ekki trufla samanburð við fyrri ár var farið eftir athugasemdum í opnum svörum og viðeigandi upphæð dregin frá þeim greiðslum sem voru uppgefnar.

Meðallaun einstakra launaliða voru reiknuð á grundvelli þeirra sem á annað borð fengu einhverjar greiðslur í þeim launalið. Þeir sem fengu engar greiðslur voru ekki teknir með í útreikninga þar sem það hefði skekkt meðaltöl. Því er mismunandi fjöldi svara á bak við hvern launalið. Auk þess veldur þetta því að summa einstakra launaliða í töflum er ekki jöfn heildargreiðslum.

Allar upphæðir eru birtar í þúsundum króna. Með tilliti til tölfræðilegrar nákvæmni og til að varðveita nafnleynd svarenda eru ekki birtar niðurstöður þar sem svarendur eru færri en fimm og því eru eyður í viðkomandi töflum.

Laun þeirra sem gáfu upp 50% til 99% starfshlutfall voru sköluð upp í 100% og höfð með í úrvinnslunni. Þeim sem gáfu upp minna en 50% starf var sleppt úr úrvinnslunni. Allir launaliðir voru reiknaðir upp á þennan hátt, fyrir utan dagpeninga.

T-próf eins úrtaks (one sample t-test) var notað til þess að greina hvort tölfræðilega marktækur munur væri á meðallaunum milli ára en t-próf óháðra hópa (independent-samples t-test) var notað til að greina hvort tölfræðilega marktækur munur væri á meðaltölum karla og kvenna. Stjörnur eru notaðar í töflum og myndum til þess að tákna marktækan mun milli hópa. Þrjár stjörnur merkja að fullyrða megji með 99,9% vissu að munur sem sést í hópi svarenda sé einnig til staðar meðal verkfræðinga í þýði. Tvær stjörnur tákna að fullyrða megji um mun með 99% vissu og ein stjarna að fullyrða megji með 95% vissu að munur sé til staðar í þýði. Ef engin stjarna er var munurinn milli hópa ekki tölfræðilega marktækur.

Við úrvinnslu reyndist ekki unnt að nota öll svör. Nokkrir þátttakenda höfðu misst vinnuna á árinu og svöruðu þar af leiðandi ekki öllum spurningunum. Stundum höfðu þátttakendur sleppt að svara ákveðnum efnisliðum og var þá eðlilega ekki hægt að flokka svör viðkomandi við öðrum spurningum eftir þeim. Það er því brýnt fyrir þátttakendum könnunarinnar að svara öllum spurningum í framtíðinni til að fá sem besta mynd af kjörum verkfræðinga.

Í úrvinnslunni reyndist stundum hagkvæmt að fækka undirþáttum starfsvettvangs. Á spurningaeyðublaði voru gefnir níu liðir fyrir starfsvettvang á almennum markaði og fimm liðir hjá hinu opinbera. Á grundvelli skyldleika starfa og meðallaunagreiðslna eru skilgreindir tveir flokkar á almennum markaði og einn á hinu opinbera, og voru eftirtaldir undirflokkar dregnir saman undir þá:

Almennur markaður:

Stofur:

Verkfræðistofur
Ráðgjafarstofur

Almennur markaður; annað:

Verslun/þjónusta
Tölvu- eða hugbúnaðarfyrirtæki
Iðnaður/sjávarútvegur
Verktakafyrirtæki
Fjármálafyrirtæki
Sjálfstætt starfandi
Orkufélög
Fjarskipti
Aðrir

Opinber vinnumarkaður:

Ríki / sveitarfélög / hálfopinberar stofnanir:

Ríkisstofnanir
Reykjavíkurborg
Menntastofnanir
Sveitarfélög
Hálfopinberar stofnanir


Vakin er athygli á því að fram til ársins 2011 var opinberum vinnumarkaði skipt í tvo hópa, ríkisstofnanir og Reykjavíkurborg annars vegar og sveitarfélög og hálfopinberar stofnanir hins vegar. Í ár er þessum hópum slegið saman í einn líkt og gert hefur verið frá árinu 2012. Það er gert til að koma í veg fyrir þau fjölmörgu göt sem myndast hafa í mörgum töflum sökum þess hve fáir svarendur eru í hópnum sveitarfélög og hálfopinberar stofnanir.

Alls tóku 893 verkfræðingar þátt í kjarakönnuninni í ár og er það fækkun frá árinu 2019, en þá var metþátttaka í könnuninni. Kjarakönnunin er mikilvæg til að fá fram upplýsingar um kjör verkfræðinga og því brýnt að þátttakan sé sem mest. Hér að neðan eru birtar tölur um fjölda innsendra svara í kjarakönnunum VFÍ (áður SV) frá upphafi.


Í ár eru líkt og í síðustu könnun birtar ítarlegar niðurstöður þar sem borin eru saman heildarlaun í febrúar milli ára fyrir útskriftarár, starfsvettvang, fagsvið og starfssvið.

Mikill meirihluti svarenda var karlar, eða 75,5% (mynd 1). Mynd 2 sýnir aldursdreifingu svarenda. Meðalaldur verkfræðinga sem svöruðu var 41,4 ár. Meðalaldur karla í könnuninni var 42,7 ár en meðalaldur kvenna var heldur lægri, eða 37,3 ár. Meira en þrír af hverjum fjórum voru með MSc-gráðu í verkfræði (mynd 3). Á mynd 4 má sjá að þeir verkfræðingar sem eru sjálfstætt starfandi eru að jafnaði með hæstan starfsaldur, að meðaltali 22,4 ár, þegar aðalstarfsvettvangur svarenda er skoðaður. Sé litið til aðalstarfssviðs kemur í ljós að starfsmenn í stjórnunarstöðum eru með hæstan meðalstarfsaldur, eða tæplega 18 ár (mynd 5). Í töflum 20-33 í viðauka I er að finna upplýsingar sem standa á bak við framangreindar myndir, auk upplýsinga um starfsaldur, menntun, fagsvið, starfsvettvang, starfssvið, launakjör og mannaforráð svarenda.


Nærri því þrír af hverjum tíu þeirra sem svöruðu spurningu um samkeppnisákvæði í ráðningarsamningi sögðust vera með slíkt ákvæði í samningi sínum.



Mynd 1. Kyn svarenda.




Mynd 2. Aldur svarenda.




Mynd 3. Menntun svarenda.

ÁR	SVÖR
1988	403
1989	309
1990	283
1991	265
1992	270
1993	299
1994	214
1995	407
1996	398
1997	378
1998	358
1999	360
2000	313
2001	271
2002	310
2003	473
2004	466
2005	443
2006	420
2007	421
2008	410
2009	478
2010	517
2011	482
2012	534
2013	542
2014	541
2015	594
2016	698
2017	896
2018	855
2019	944
2020	893

Mynd 4. Samanburður á meðalstarfsaldri eftir aðalstarfsvettvangi



Mynd 5. Samanburður á meðalstarfsaldri eftir starfssviði



Í töflum 1-4 er birtur samanburður á heildargreiðslum í febrúar fyrir árin 2019 og 2020. Töflurnar eru gerðar fyrir útskriftarár, starfsvettvang, starfssvið og fagsvið. Útskriftarár er miðað við verkfræðipróf. Rétt er að benda á að breyting á meðalstarfsaldri getur haft veruleg áhrif á niðurstöðurnar og fólk er hvatt til að hafa myndir 4 og 5 til hliðsjónar þegar það skoðar launabreytingar milli ára. Með töflu 5 er línurit sem sýnir meðaltal, miðgildi og fjórðungsmörk launa eftir útskriftarári fyrir heildargreiðslur í febrúar 2020. Miðgildið sýnir þau laun sem helmingur svarenda liggur undir og helmingur yfir. Á sama hátt liggja laun 25% svarenda undir neðri fjórðungsmörkum (25% mörkum) og laun 75% svarenda liggja undir efri fjórðungsmörkum (75% mörkum).


Töflur 6-19 sýna meðaltal allra launaliða febrúarlauna 2020, flokkað á ýmsa vegu.

Í könnuninni var spurt um upphæð yfirvinnugreiðslna í febrúar 2020 og fjölda yfirvinnutíma sem unnir voru. Alls fengu 186 svarendur greidda yfirvinnu í febrúar, eða um 22% svarenda, og var meðalfjöldi unninna yfirvinnutíma hjá þessum hópi tæplega 19 klst. Hins vegar voru alls 393 svarendur sem unnu yfirvinnu í febrúar og var meðalfjöldi unninna yfirvinnustunda rösklega 19 klst. Upplýsingar um yfirvinnu má finna í töflum 34-36 í viðauka II.

Tafla 1. Samanburður heildargreiðslna í febrúar 2020 og 2019 eftir útskriftarári (þús. króna)

Útskriftarár	Fjöldi 2020	Heildar- greiðslur 2020	Fjöldi 2019	Heildar- greiðslur 2019	Mis- munur	Hækkun/ lækkun
1985 eða fyrr	46	1.020	47	1.084	-64	-6%
1986	11	1.453	8	1.292	161	12%
1987	7	1.174	9	1.208	-33	-3%
1988*	14	1.061	12	925	136	15%
1989	9	1.131	10	1.002	129	13%
1990	9	1.095	10	1.264	-168	-13%
1991	13	1.214	14	1.080	134	12%
1992	5	1.016	11	1.072	-56	-5%
1993	13	1.187	10	1.159	28	2%
1994	17	1.190	16	1.130	60	5%
1995	5	1.152	9	1.269	-118	-9%
1996	14	1.060	15	1.050	10	1%
1997	6	1.140	5	1.125	15	1%
1998	10	1.002	10	1.010	-8	-1%
1999	11	1.037	7	1.041	-4	0%
2000	9	1.196	15	1.162	34	3%
2001	11	1.150	9	1.405	-255	-18%
2002	21	1.109	16	1.088	21	2%
2003	9	1.275	19	1.098	177	16%
2004	18	1.011	16	1.024	-13	-1%
2005	26	1.091	24	999	92	9%
2006	20	1.254	31	1.103	150	14%
2007	29	1.095	36	1.021	75	7%
2008	20	1.133	25	1.010	123	12%
2009	26	1.041	27	958	83	9%
2010	33	1.016	31	967	49	5%
2011*	35	1.008	39	915	94	10%
2012*	52	925	61	873	52	6%
2013	36	943	50	876	67	8%
2014*	70	896	61	839	57	7%
2015	58	861	73	820	41	5%
2016	47	861	51	822	40	5%
2017	44	817	57	759	58	8%
2018*	30	742	36	658	84	13%
2019	29	807	7	822	-15	-2%
2020	6	805	-	-	-	-
Alls***	819	993	877	948	44	5%


*marktækur munur á meðaltölum, $p < 0.05$ **marktækur munur á meðaltölum, $p < 0.01$ ***marktækur munur á meðaltölum, $p < 0.001$



Tafla 2. Samanburður heildargreiðslna í febrúar 2020 og 2019 eftir starfsvettvangi (þús. króna)

Starfsvettvangur	Fjöldi 2020	Heildar-greiðslur 2020	Fjöldi 2019	Heildar-greiðslur 2019	Mis-munur	Hækkun/lækkun
Ríkisstofnun	76	958	73	905	53	6%
Reykjavíkurborg	12	826	12	911	-85	-9%
Annað sveitarfélag	7	1.021	13	913	107	12%
Hálfofinber stofnun	32	983	36	870	112	13%
Orkufyrirtæki	79	1.150	77	1.095	55	5%
Menntastofnun	21	935	21	938	-3	0%
Verkfræðistofa/ráðgjafastofa	217	907	234	885	21	2%
Tölvu- eða hugbúnaðarfyrirtæki**	86	1.045	102	981	64	7%
Verslunar- og þjónustufyrirtæki	41	971	52	947	24	3%
Iðnaðar- og sjávarútvegsfyrirtæki*	125	1.012	131	990	22	2%
Fjármálafyrirtæki	18	1.209	15	1.265	-57	-4%
Verktakafyrirtæki	39	1.079	30	978	101	10%
Sjálfstætt starfandi	9	1.051	6	951	99	10%
Fjarskipti	16	915	23	922	-7	-1%
Annar starfsvettvangur	38	953	47	855	98	11%
Alls**	816	991	872	947	44	5%


Marktækur munur á meðaltölum, *p<0,5, **p<0,01, ***p<0,001



Tafla 3. Samanburður heildargreiðslna í febrúar 2020 og 2019 eftir fagsviði (þús. króna)

Fagsvið	Fjöldi 2020	Heildar-greiðslur 2020	Fjöldi 2019	Heildar-greiðslur 2019	Mis-munur	Hækkun/lækkun
Byggingarsvið	252	968	258	932	35	4%
Rekstrar- og fjármálasvið	89	1.019	108	944	76	8%
Eðlis- efna- eða líftæknisvið	39	952	44	928	25	3%
Rafmagnssvið	108	1.031	128	1.002	29	3%
Tölvu- og hugbúnaðarsvið**	121	1.021	129	969	52	5%
Véla- og skipasvið	102	980	95	960	20	2%
Iðnaðarsvið*	75	1.023	74	939	84	9%
Annað fagsvið	37	873	40	865	8	1%
Alls**	823	991	876	950	42	4%


Marktækur munur á meðaltölum, *p<0,5, **p<0,01, ***p<0,001



Tafla 4. Samanburður heildargreiðslna í febrúar 2020 og 2019 eftir starfssviði (þús. króna)


Starfssvið	Fjöldi 2020	Heildar- greiðslur 2020	Fjöldi 2019	Heildar- greiðslur 2019	Mis- munur	Hækkun/ lækkun
Stjórnunarstörf*	135	1.299	149	1.234	66	5%
Vöruþróun	62	933	52	892	41	5%
Ráðgjöf	118	928	121	893	35	4%
Hönnun*	116	874	136	839	36	4%
Eftirlit**	41	943	55	844	99	12%
Framkvæmdir	32	1.030	24	1.017	13	1%
Rannsóknir og/eða kennsla	34	829	36	853	-23	-3%
Markaðs- og/eða sölustörf	17	1.041	15	993	49	5%
Hugbúnaður	89	952	95	907	45	5%
Verkefnisstjórnun**	126	987	150	929	59	6%
Annað starfssvið	41	874	39	845	29	3%
Alls***	811	995	872	949	46	5%

Marktækur munur á meðaltölum, *p<0,5, **p<0,01, ***p<0,001



Tafla 5. Heildargreiðslur í febrúar 2020 eftir útskriftarári (þús. króna)

	Fjöldi	Meðaltal	Miðgildi	10% mark	25% mark	75% mark	90% mark
1985 eða fyrr	46	1.020	981	734	843	1.130	1.400
1986-1987	18	1.345	1.308	953	1.047	1.531	1.844
1988-1989	23	1.088	1.070	851	910	1.250	1.334
1990-1991	22	1.165	1.078	769	836	1.300	1.700
1992-1993	18	1.140	1.068	815	940	1.273	1.500
1994-1995	22	1.181	1.185	890	967	1.298	1.500
1996-1997	20	1.084	1.075	804	974	1.265	1.350
1998-1999	21	1.020	950	796	867	1.217	1.315
2000-2001	20	1.170	1.057	788	892	1.343	1.865
2002-2003	31	1.159	1.077	918	944	1.260	1.460
2004-2005	44	1.058	1.019	778	958	1.150	1.350
2006-2007	49	1.160	1.045	800	958	1.267	1.650
2008-2009	46	1.081	1.022	850	880	1.132	1.350
2010-2011	69	1.012	953	802	861	1.114	1.350
2012-2013	88	932	888	757	817	1.005	1.127
2014-2015	128	880	843	712	759	950	1.045
2016-2017	92	840	796	667	727	896	1.078
2018-2020	36	753	720	598	631	843	935



Tafla 6. Febrúarlaun 2020. Meðaltal heildargreiðslna eftir útskriftarári

	Fjöldi	Föst laun	Yfir- vinna	Bíla- styrkur	Dag- peningar	Bónus	Annað	Heildar- greiðslur	Staðal- frávik
1985 eða fyrr	46	966	146	44	-	-	59	1.020	245
1986-1987	18	1.258	293	49	-	-	-	1.345	424
1988-1989	23	1.012	189	41	-	-	63	1.088	200
1990-1991	22	1.149	-	173	-	-	-	1.165	481
1992-1993	18	1.019	228	39	-	-	-	1.140	274
1994-1995	22	1.132	180	30	-	-	19	1.181	265
1996-1997	20	1.045	-	38	-	-	42	1.084	230
1998-1999	21	984	-	48	-	-	-	1.020	235
2000-2001	20	1.116	168	64	-	-	21	1.170	410
2002-2003	31	1.115	97	57	-	-	21	1.159	313
2004-2005	44	1.030	91	47	-	-	38	1.058	254
2006-2007	49	1.096	228	47	-	-	64	1.160	322
2008-2009	46	1.028	135	39	-	-	46	1.081	297
2010-2011	69	960	241	51	65	-	61	1.012	226
2012-2013	88	876	137	67	76	-	60	932	193
2014-2015	128	842	105	37	140	56	51	880	190
2016-2017	92	806	109	42	-	238	26	840	195
2018-2020	36	721	141	26	-	-	52	753	183
Alls	793	952	155	49	107	213	48	1.000	285

Tafla 7. Febrúarlaun 2020. Meðaltal heildargreiðslna eftir aldri (þús. króna)

	Fjöldi	Föst laun	Yfir- vinna	Bíla- styrkur	Dag- peningar	Bónus	Annað	Heildar- greiðslur	Staðal- frávik
22-29 ára	97	731	113	33	84	-	30	763	143
30-39 ára	373	891	150	46	99	212	49	939	238
40-49 ára	167	1.006	128	51	88	223	45	1.048	270
50-59 ára	147	1.100	223	62	117	-	56	1.156	317
60 ára og eldri	81	1.031	137	51	178	-	35	1.084	322
Alls	865	945	152	50	106	213	46	992	284

Tafla 8. Febrúarlaun 2020. Meðaltal heildargreiðslna eftir aðalstarfsvettvangi (þús. króna)

	Fjöldi	Föst laun	Yfir- vinna	Bíla- styrkur	Dag- peningar	Bónus	Annað	Heildar- greiðslur	Staðal- frávik
Ríkisstofnun	76	881	165	-	168	-	86	958	231
Reykjavíkurborg	12	645	204	-	-	-	66	826	100
Annað sveitarfélag	7	939	-	-	-	-	-	1.021	286
Hálfopinber stofnun	32	943	-	42	-	-	82	983	222
Orkufyrirtæki	79	1.105	201	40	-	-	30	1.150	302
Menntastofnun	22	908	-	-	-	-	-	935	361
Verkfræðistofa / ráðgjafastofa	217	843	153	40	42	-	22	907	201
Tölvu- eða hugbúnaðarfyrirtæki	86	1.016	109	56	82	-	48	1.045	302
Verslunar- eða þjónustufyrirtæki	41	950	-	100	-	-	-	971	339
Iðnaðar- eða sjávarútvegsfyrirtæki	125	975	132	55	168	379	42	1.012	311
Fjármálafyrirtæki	18	1.192	-	-	-	-	-	1.209	384
Verktakafyrirtæki	39	1.063	-	78	-	-	-	1.079	348
Sjálfstætt starfandi	12	1.034	-	100	-	-	-	1.051	263
Fjarskipti	16	872	-	25	-	-	75	915	201
Annar starfsvettvangur	38	929	-	38	81	-	-	953	267
Alls	820	944	155	50	107	218	45	991	283

Tafla 9. Febrúarlaun 2020. Meðaltal heildargreiðslna eftir aðalfagsviði (þús. króna)

	Fjöldi	Föst laun	Yfir- vinna	Bíla- styrkur	Dag- peningar	Bónus	Annað	Heildar- greiðslur	Staðal- frávik
Byggingar-, umhverfis- eða skipulagssvið	252	902	162	49	51	223	48	968	247
Rekstrar- eða fjármálasvið	89	996	267	66	160	80	72	1.019	345
Eðlis-, efna- eða líftæknisvið	39	910	152	48	109	-	27	952	244
Rafmagnssvið	108	972	143	45	66	-	47	1.031	292
Tölvu- og hugbúnaðarsvið	121	982	136	33	93	-	40	1.021	269
Véla- og skipasvið	102	946	159	53	110	-	34	980	293
Iðnaðarsvið	75	987	76	60	192	328	56	1.023	331
Annað fagsvið	37	841	118	26	58	-	42	873	207
Alls	823	944	154	49	106	213	47	991	282

Tafla 10. Febrúarlaun 2020. Meðaltal heildargreiðslna eftir aðalstarfssviði (þús. króna)

	Fjöldi	Föst laun	Yfir- vinna	Bíla- styrkur	Dag- peningar	Bónus	Annað	Heildar- greiðslur	Staðal- frávik
Stjórnun	135	1.247	209	82	66	235	65	1.299	369
Vöruþróun	62	910	145	73	147	-	22	933	206
Ráðgjöf	118	878	152	42	137	-	27	928	225
Hönnun	116	820	132	30	53	-	21	874	169
Eftirlit	41	830	174	37	-	-	101	943	224
Framkvæmdir	32	968	293	57	-	-	-	1.030	240
Rannsóknir og/eða kennsla	34	808	-	-	-	-	33	829	208
Markaðs- og/eða sölustörf	17	1.021	-	20	-	-	-	1.041	214
Hugbúnaður	89	913	112	32	111	-	44	952	237
Verkefnisstjórnun	126	950	153	45	178	208	56	987	222
Annað starfssvið	41	842	127	38	-	-	43	874	225
Alls	811	948	154	50	106	218	45	995	285

Tafla 11. Febrúarlaun 2020. Meðaltal heildargreiðslna eftir kyni (þús. króna)

	Fjöldi	Föst laun	Yfir- vinna	Bíla- styrkur	Dag- peningar	Bónus	Annað	Heildar- greiðslur	Staðal- frávik
Karl	622	966	148	51	115	236	44	1.015	294
Kona	210	883	169	46	40	154	54	925	238
Alls	832	945	152	50	106	213	46	992	284

Tafla 12. Febrúarlaun 2020. Meðaltal heildargreiðslna eftir starfsaldri og aðalstarfsvettvangi (þús. króna)

		Fjöldi	Föst laun	Yfir- vinna	Bíla- styrkur	Dag- peningar	Bónus	Annað	Heildar- greiðslur	Staðal- frávik
Stofur	0-4 ár	40	738	85	32	-	-	27	772	135
	5-9 ár	73	778	126	47	47	-	23	841	157
	10-15 ár	38	901	188	44	-	-	9	977	176
	Yfir 15 ár	64	950	225	35	-	-	25	1.025	216
	Alls	215	844	154	40	42	-	22	907	202
Alm. vinnum. annað	0-4 ár	95	806	143	48	-	238	22	834	202
	5-9 ár	135	938	162	58	116	-	45	966	217
	10-15 ár	91	1.126	108	55	119	-	57	1.161	321
	Yfir 15 ár	126	1.174	167	73	115	-	36	1.211	349
	Alls	447	1.015	147	61	114	284	40	1.047	316
Ríki/sveitarf./hálfop.	0-4 ár	18	736	-	-	-	-	69	801	280
	5-9 ár	40	808	168	50	-	-	89	879	153
	10-15 ár	23	910	181	39	-	-	84	1.001	156
	Yfir 15 ár	65	944	152	37	-	-	80	1.010	280
	Alls	146	876	164	40	164	53	82	947	245

Tafla 13. Febrúarlaun 2020. Meðaltal heildargreiðslna eftir aldri og aðalstarfsvettvangi (þús. króna)

		Fjöldi	Föst laun	Yfir- vinna	Bíla- styrkur	Dag- peningar	Bónus	Annað greiðslur	Heildar- greiðslur	Staðal- frávik
Stofur	26-29 ára	24	709	110	34	-	-	21	759	125
	30-39 ára	93	789	138	34	47	-	23	854	168
	40-49 ára	50	910	127	55	-	-	9	955	167
	50-59 ára	35	942	299	39	-	-	34	1.060	250
	60 ára og eldri	15	940	-	30	-	-	-	947	194
	Alls	217	843	153	40	42	-	22	907	201
Alm. vinnum. annað	26-29 ára	59	743	133	33	-	-	38	772	142
	30-39 ára	206	953	159	58	119	299	34	984	262
	40-49 ára	81	1.115	64	49	-	-	44	1.140	286
	50-59 ára	74	1.206	186	93	-	-	51	1.237	355
	60 ára og eldri	31	1.199	181	66	-	-	-	1.259	344
	Alls	451	1.013	147	62	114	284	39	1.045	315
Ríki/sveitarf./hálfop.	26-29 ára	5	645	-	-	-	-	-	649	196
	30-39 ára	47	801	189	45	-	-	87	887	171
	40-49 ára	32	864	185	44	-	-	78	943	269
	50-59 ára	35	1.038	135	36	-	-	89	1.088	249
	60 ára og eldri	29	884	138	-	-	-	-	957	259
	Alls	148	882	164	40	164	53	80	952	248

Tafla 14. Febrúarlaun 2020. Meðaltal heildargreiðslna eftir aðalfagsviði og aðalstarfsvettvangi (þús. króna)

	Fjöldi	Föst laun	Yfir- vinna	Bíla- styrkur	Dag- pen ngar	Bónus	Annað	Heildar- greiðslur	Staðal- frávik	
Stofur	Byggingarsvið	130	842	158	38	-	-	21	911	201
	Rekstrar-, eða fjármálasvið	6	1.000	-	-	-	-	-	1.000	270
	Eðlis-, efna-, eða líftæknisvið	6	797	-	-	-	-	-	886	206
	Rafmagnssvið	26	832	107	42	-	-	15	884	183
	Tölvu- og hugbúnaðarsvið	8	864	-	45	-	-	-	926	230
	Véla- og skipasvið	24	867	206	-	-	-	11	922	247
	Iðnaðarsvið	11	834	-	-	-	-	-	876	105
	Annað fagsvið	6	703	-	-	-	-	-	804	126
Alls	217	843	153	40	42	-	22	907	201	
Alm. vinnum./annað	Byggingarsvið	61	1.046	-	79	-	-	23	1.082	337
	Rekstrar-, eða fjármálasvið	61	1.035	-	84	-	-	-	1.048	377
	Eðlis-, efna-, eða líftæknisvið	18	973	-	-	-	-	-	992	217
	Rafmagnssvið	74	1.037	171	49	70	-	46	1.092	308
	Tölvu- og hugbúnaðarsvið	95	989	121	27	104	-	43	1.027	273
	Véla- og skipasvið	59	989	153	73	124	-	30	1.013	287
	Iðnaðarsvið	58	1.035	-	66	-	-	45	1.063	362
	Annað fagsvið	22	904	-	26	-	-	48	919	221
Alls	448	1.012	147	62	114	284	40	1.044	314	
Ríki/sveitarf./hálfop.	Byggingarsvið	60	881	168	45	-	-	105	973	190
	Rekstrar-, eða fjármálasvið	22	881	270	42	-	-	79	947	257
	Eðlis-, efna-, eða líftæknisvið	14	841	156	-	-	-	-	897	267
	Rafmagnssvið	7	852	-	-	-	-	-	932	272
	Tölvu- og hugbúnaðarsvið	14	975	-	-	-	-	35	1.019	241
	Véla- og skipasvið	15	882	-	-	-	-	-	922	358
	Iðnaðarsvið	6	808	-	-	-	-	-	910	152
	Annað fagsvið	9	780	-	-	-	-	-	805	200
Alls	147	876	164	40	164	53	80	946	237	

Tafla 15. Febrúarlaun 2020. Meðaltal heildargreiðslna eftir aðalstarfssviði og aðalstarfsvettvangi (þús. króna)

	Fjöldi	Föst laun	Yfir- vinna	Bíla- styrkur	Dag- pen ngar	Bónus	Annað	Heildar- greiðslur	Staðal- frávik	
Stofur	Stjórnunarstörf	5	1.011	-	-	-	-	1.069	185	
	Vöruþróun	2	-	-	-	-	-	-	-	
	Ráðgjöf	79	856	146	-	-	21	904	182	
	Hönnun	88	810	129	30	49	-	871	178	
	Eftirlit	10	816	235	40	-	-	958	350	
	Framkvæmdir	4	-	-	-	-	-	-	-	
	Markaðs- og/eða sölustörf	3	-	-	-	-	-	-	-	
	Hugbúnaður	6	856	-	-	-	-	893	75	
	Verkefnisstjórnun	18	919	80	37	-	-	942	77	
	Annað starfssvið	2	-	-	-	-	-	-	-	
Alls	217	843	153	40	42	-	22	907	201	
Alm. vinnu-/annað	Stjórnunarstörf	97	1.289	290	84	69	280	49	1.336	392
	Vöruþróun	57	923	161	-	147	-	22	948	207
	Ráðgjöf	29	976	146	57	-	-	54	1.020	316
	Hönnun	22	851	-	-	-	-	8	868	139
	Eftirlit	16	859	133	33	-	-	-	931	152
	Framkvæmdir	22	1.031	-	77	-	-	-	1.033	209
	Rannsóknir og/eða kennsla	8	885	-	-	-	-	-	890	195
	Markaðs- og/eða sölustörf	14	1.031	-	-	-	-	-	1.038	223
	Hugbúnaður	75	932	108	38	-	-	44	969	251
	Verkefnisstjórnun	73	979	-	51	235	-	42	1.008	253
Annað starfssvið	29	870	-	-	-	-	-	878	205	
Alls	442	1.016	148	62	114	284	39	1.048	317	
Ríki/sveitarf./hálfop.	Stjórnunarstörf	30	1.121	184	47	-	-	-	1.196	287
	Vöruþróun	1	-	-	-	-	-	-	-	-
	Ráðgjöf	10	766	-	-	-	-	-	850	148
	Hönnun	5	871	-	-	-	-	-	987	87
	Eftirlit	15	807	154	-	-	-	117	944	200
	Framkvæmdir	6	863	-	-	-	-	-	987	97
	Rannsóknir og/eða kennsla	26	784	-	-	-	-	46	811	212
	Hugbúnaður	6	736	-	-	-	-	-	816	117
	Verkefnisstjórnun	35	903	200	42	-	-	93	968	200
	Annað starfssvið	10	766	-	-	-	-	-	795	140
Alls	144	888	165	41	164	53	82	958	248	

Tafla 16. Febrúarlaun 2020. Meðaltal heildargreiðslna eftir kyni og aðalstarfsvettvangi (þús. króna)

		Fjöldi	Föst laun	Yfir- vinna	Bíla- styrkur	Dag- peningar	Bónus	Annað	Heildar- greiðslur	Staðal- frávik
Stofur	Karl	168	851	152	40	43	-	20	920	208
	Kona	49	817	163	39	-	-	31	861	171
	Alls	217	843	153	40	42	-	22	907	201
Alm. vinnum./annað	Karl	346	1.041	154	62	125	305	42	1.074	324
	Kona	105	922	123	59	-	-	32	949	264
	Alls	451	1.013	147	62	114	284	39	1.045	315
Ríki/sveitarf./hálfop.	Karl	95	896	144	40	181	-	73	963	256
	Kona	53	858	202	41	-	-	91	933	233
	Alls/meðaltal	148	882	164	40	164	53	80	952	248

Tafla 17. Febrúarlaun 2020. Meðaltal heildargreiðslna eftir menntun og aðalstarfsvettvangi (þús. króna)

		Fjöldi	Föst laun	Yfirvinna	Bíla- styrkur	Dag- peningar	Bónus	Annað	Heildar- greiðslur	Staðal- frávik
Stofur	BSc-gráða	13	752	-	36	-	-	-	773	134
	MSc/CSc-gráða	194	849	152	39	47	-	23	914	202
	Doktorsgráða/ annað nám	8	850	-	-	-	-	-	961	210
	Alls	215	844	154	40	42	-	22	907	202
Alm. vinnum./annað	BSc-gráða	54	861	171	56	115	-	59	899	228
	MSc/CSc-gráða	376	1.027	142	62	118	290	39	1.058	322
	Doktorsgráða/ annað nám	20	1.182	-	-	-	-	-	1.205	245
	Alls	450	1.014	147	62	114	284	39	1.045	315
Ríki/sveitarf./hálfop.	BSc-gráða	7	736	-	-	-	-	-	804	171
	MSc/CSc-gráða	123	881	174	39	170	53	82	957	251
	Doktorsgráða/ annað nám	17	934	-	-	-	-	-	963	240
	Alls	147	880	164	40	164	53	82	950	247

Tafla 18. Febrúarlaun 2020. Meðaltal heildargreiðslna eftir menntun (þús. króna)

	Fjöldi	Föst laun	Yfirvinna	Bíla- styrkur	Dag- peningar	Bónus	Annað	Heildar- greiðslur	Staðal- frávik
BSc-gráða	75	841	137	49	93	-	59	879	231
MSc/CSc-gráða	703	952	154	49	111	214	46	1.000	288
Doktorsgráða/annað nám	45	1.029	179	69	-	-	33	1.070	262
Alls	823	946	154	50	106	213	47	993	284

Tafla 19. Febrúarlaun 2020. Meðaltal heildargreiðslna eftir því hvort svarendur fengu greidda yfirvinnu í febrúar eða ekki (þús. króna)

	Fjöldi	Föst laun	Yfirvinna	Bíla- styrkur	Dag- peningar	Bónus	Annað	Heildar- greiðslur	Staðal- frávik
Fær greitt fyrir yfirvinnu	185	807	152	43	70	-	68	976	226
Fær ekki greitt fyrir yfirvinnu	638	984	-	52	117	228	33	996	297
Alls	823	944	152	49	103	213	46	992	283

Viðauki 1. Tafla 20 - Kyn svarenda

	Fjöldi	Hlutfall svarenda
Karl	686	74,3
Kona	237	25,7
Alls	923	100

Viðauki 1. Tafla 21 - Aldur svarenda

	Fjöldi	Hlutfall svarenda
26-29 ára	133	14,4
30-39 ára	393	42,6
40-49 ára	176	19,1
50-59 ára	149	16,1
60 ára og eldri	72	7,8
Alls	923	100

Viðauki 1. Tafla 22 - Starfsaldur

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall svarenda
0-4 ár	227	24,6	25,6
5-9 ár	243	26,3	27,5
10-15 ár	159	17,2	18,0
Yfir 16 ár	256	27,7	28,9
Svarar ekki	38	4,1	-
Alls	923	100	100

Viðauki 1. Tafla 23 - Meðalaldur karla og kvenna

	Fjöldi	Meðaltal	Staðalfrávik
Karl	686	42,1	11,6
Kona	237	36,3	8,6
Heildarmeðaltal	923	40,6	11,2

Viðauki 1. Tafla 24 - Menntun

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall svarenda
BSc-gráða	127	13,8	14,3
CSc-gráða	40	4,3	4,5
MSc-gráða	671	72,7	75,7
Doktorsgráða	47	5,1	5,3
Annað nám	1	0,1	0,1
Svarar ekki	37	4,0	-
Alls	923	100	100

Viðauki 1. Tafla 25 - Útskriftarár

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall svarenda
1980 eða fyrr	9	1,0	1,1
1981-1985	37	4,3	4,5
1986-1990	50	5,8	6,1
1991-1995	53	6,1	6,4
1996-2000	50	5,8	6,1
2001-2005	86	9,9	10,4
2006 -2010	128	14,8	15,6
2011-2015	252	29,1	30,6
2016 eða seinna	158	18,3	19,2
Svarar ekki	42	4,9	-
Alls	865	100	100

Viðauki 1. Tafla 26 - Aðalfagsvið

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall svarenda
Byggingar-, umhverfis eða skipulagssvið	253	29,2	30,6
Rekstrar- og fjármálasvið	89	10,3	10,7
Eðlis-, efna- eða líftæknisvið	39	4,5	4,7
Rafmagnssvið	108	12,5	13,0
Tölvu- og hugbúnaðarsvið	124	14,3	15,0
Véla- og skipasvið	103	11,9	12,4
Iðnaðarsvið	75	8,7	9,1
Annað fagsvið	37	4,3	4,5
Svarar ekki	37	4,3	-
Alls	865	100	100

Viðauki 1. Tafla 27 - Aðalstarfsvettvangur

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall svarenda
Ríkisstofnun	76	8,8	9,3
Reykjavíkurborg	12	1,4	1,5
Annað sveitarfélag	7	0,8	0,9
Hálfpínber stofnun	32	3,7	3,9
Orkufyrirtæki	79	9,1	9,6
Menntastofnun	22	2,5	2,7
Verkfræði- og ráðgjafastofa	217	25,1	26,5
Tölvu- og hugbúnaðarfyrirtæki	86	9,9	10,5
Verslunar- og þjónustufyrirtæki	41	4,7	5,0
Iðnaðar- og sjávarútvegsfyrirtæki	125	14,5	15,2
Fjármálafyrirtæki	18	2,1	2,2
Verktakafyrirtæki	39	4,5	4,8
Sjálfstætt starfandi	12	1,4	1,5
Fjarskipti	16	1,8	2,0
Annar starfsvettvangur	38	4,4	4,6
Svarar ekki	45	5,2	-
Alls	865	100,0	100,0

Viðauki 1. Tafla 28 - Aðalstarfssvið

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall svarenda
Stjórnun	136	15,7	16,7
Vöruþróun	62	7,2	7,6
Ráðgjöf	118	13,6	14,5
Hönnun	116	13,4	14,2
Eftirlit	41	4,7	5,0
Framkvæmdir	32	3,7	3,9
Rannsóknir og/eða kennsla	35	4,0	4,3
Markaðs- og/eða sölustörf	17	2,0	2,1
Hugbúnaður	90	10,4	11,0
Verkefnisstjórnun	127	14,7	15,6
Annað starfssvið	42	4,9	5,1
Svarar ekki	49	5,7	-
Alls	865	100	100

Viðauki 1. Tafla 29 - Gegnir þú einhverri af eftirfarandi stöðum?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall svarenda
Stöðu verkefnisstjóra eða samsvarandi	316	36,5	38,6
Stöðu sviðs/deildarstjóra eða samsvarandi	158	18,3	19,3
Stöðu æðsta stjórnanda á vinnustaðnum	56	6,5	6,8
Nei	289	33,4	35,3
Svarar ekki	46	5,3	-
Alls	865	100	100

Viðauki 1. Tafla 30 - Mannaforráð (fjöldi starfsmanna)

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall svarenda
Enginn	260	30,1	49,4
1-5 starfsmenn	116	13,4	22,1
6-10 starfsmenn	57	6,6	10,8
11-15 starfsmenn	26	3,0	4,9
16-20 starfsmenn	15	1,7	2,9
Fleiri en 20 starfsmenn	52	6,0	9,9
Svarar ekki / á ekki við	339	39,2	-
Alls	865	100	100

Viðauki 1. Tafla 31 - Eru samkeppnisákvæði í þínum ráðningarsamningi?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall svarenda
Já	209	24,2	28,4
Nei	527	60,9	71,6
Svarar ekki	129	14,9	-
Alls	865	100	100

Viðauki 1. Tafla 32 - Fórst þú í launaviðtal á síðasta ári (2019)?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall svarenda
Já	311	36,0	37,8
Nei	511	59,1	62,2
Svarar ekki	43	5,0	-
Alls	865	100	100

Viðauki 1. Tafla 33 - Hækkuðu laun þín eftir viðtalið? (vinsamlegast svaraðu út frá síðasta viðtali)

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall svarenda
Já	222	25,7	72,8
Nei	83	9,6	27,2
Svarar ekki / á ekki við	560	64,7	-
Alls	865	100	100

Viðauki 2. Tafla 34 - Hvort greitt var fyrir yfirvinnu í febrúar 2019*

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Karlar	Konur
Fékk greidda yfirvinnu	186	21,9	22,9	18,9
Fékk ekki greidda yfirvinnu	663	78,1	77,1	81,1
Alls	849	100	100	100

Ekki var marktækur munur á hlutfalli karla og kvenna.

Viðauki 2. Tafla 35 - Unnir yfirvinnutímar að meðaltali í febrúar 2020

		Allir	Karlar	Konur
Meðaltal*	klst. á mán.	19,2	20,2	15,0
Miðgildi	klst. á mán.	15,0	15,0	10,0
Staðalfrávik		18,8	18,7	19,2
Fjöldi svara		393	322	71

*Marktækur munur var á meðaltali karla og kvenna, $p < 0,05$.

Viðauki 2. Tafla 36 - Unnir yfirvinnutímar að meðaltali í febrúar 2020 (þeir sem fengu greidda yfirvinnu)

		Allir	Karlar	Konur
Meðaltal*	klst. á mán.	18,6	19,5	15,0
Miðgildi	klst. á mán.	14,5	15,0	13,0
Staðalfrávik		18,0	19,1	11,3
Fjöldi svara		164	133	31

Ekki var marktækur munur á hlutfalli karla og kvenna.

Hér verður kynnt greining á svokölluðum leiðréttum kynbundnum launamun og var línuleg aðhvarfsgreining notuð. Í fyrsta lagi voru greind grunnlaun/föst laun fólks 1. mars 2020, í öðru lagi heildarlaun (grunnlaun/föst laun auk yfirvinnugreiðslna) og í þriðja lagi heildargreiðslur 1. mars 2020, þ.e. allar greiðslur að meðtöldum bílagreiðslum, dagpeningum og öðrum greiðslum. Greiningin náði til verkfræðinga í fullu starfi í febrúar og höfðu gefið upplýsingar á öllum þeim spurningum sem notaðar voru í greiningunni. Alls voru þetta 778 verkfræðingar, þar af 588 karlar og 190 konur. Þar sem hér er fjallað um afmarkaðri hóp en í almennum launatöflum úr kjarakönnun VFÍ má gera ráð fyrir að meðaltöl og fjöldatölur séu ekki að öllu leyti sambærileg.

Öllum launagreiðslum var umbreytt á lógarípmískan kvarða. Lógarípmískur kvarði gefur upplýsingar um hlutfallslegan mun launa sem hentar þessari greiningu vel þar sem gera má ráð fyrir að þótt munur á launum karla og kvenna aukist í krónum talið eftir því sem laun þeirra eru hærri, sé hlutfallslegur launamunur svipaður. Önnur ástæða fyrir umbreytingu á launaupplýsingum er sú að dreifing launa var ekki normaldreifð heldur jákvætt skekkt, en normaldreifing fylgibreytu er ein af forsendum aðhvarfsgreiningar (sjá má útlistun á þessu í Tabachnick og Fidell, 1989). Aðferðafræðilegar rannsóknir hafa leitt í ljós að aðhvarfsgreining hentar til greiningar á áhrifaþáttum á laun eins og hér er gert (sjá til dæmis umfjöllun Balzer o.fl., 1996).

Til að breyta aðhvarfsstuðlunum (β) yfir á hlutfallskvarða sem sýnir hve mikið laun hækka eða lækka hlutfallslega eftir frumbreytum er tekin antilógarípmi af stuðlinum (e^b) og síðan er 1 dreginn frá og loks margfaldað með 100. Ef aðhvarfsstuðullinn fyrir áhrif kyns á laun er til dæmis 0,2 (konur hafa gildið 0 og karlar gildið 1), myndu útreikningar með fyrirnefndri aðferð gefa til kynna að karlar væru með um 22% hærri laun en konur (sjá t.d. Stolzenberg, 1980).

Í þessari greiningu fengu konur gildið 0 og karlar gildið 1. Það þýðir að samanburðurinn miðast við laun kvenna. Hér er því spurt hversu miklu hærri eru laun karla en kvenna að jafnaði. Til að greina áhrif nokkurra þátta voru svokallaðar vísibreytur búnar til. Þegar um vísibreytur er að ræða er einn hópur hafður sem viðmiðunarhópur og niðurstöður annarra hópa sýna þá hversu mikið hærri eða lægri laun þeir eru með miðað við viðmiðunarhópinn. Í tilfelli menntunar er fólk með bakkalágráðu viðmiðunarhópurinn og í tilfelli stjórnunarstöðu er fólk sem er ekki í neinni stjórnunarstöðu viðmiðunarhópurinn. Niðurstöður fyrir starfsvettvang sýna stöðu starfsfólks í einkafyrirtækjum miðað við starfsfólk í opinbera geiranum. Þá sýna niðurstöður fyrir starfssvæði stöðu starfsfólks á höfuðborgarsvæðinu miðað við starfsfólk utan þess.

Grunnlaun 1. mars 2020

Grunnlaun fyrir fullt starf í febrúar 2020 hjá körlum voru 968 þús. kr. og 885 þús. kr. hjá konum. Að jafnaði voru því grunnlaun karla rúmlega 9% hærri en kvenna. Í eftirfarandi töflu eru niðurstöður aðhvarfsgreiningar á leiðréttum kynbundnum launamun á grunnlaunum. Þegar búið er að stýra fyrir áhrifum aldurs, starfsaldurs, menntunar, stjórnunarstöðu, starfsvettvangs og starfssvæðis voru karlar að jafnaði með 1,2% hærri grunnlaun en konur, en sá munur var hins vegar ekki tölfræðilega marktækur. Þessar niðurstöður gefa til kynna að karlar séu með á bilinu 2,1% lægri laun en konur upp að 4,6% hærri laun, að teknu tilliti til aldurs, starfsaldurs, menntunar, stöðu, starfsvettvangs og starfssvæðis. Því er ekki hægt að greina að um kynbundinn launamun sé að ræða meðal verkfræðinga í fullu starfi.

Tafla A. Grunnlaun

Aðhvarfsgreining á forspárgildi kyns, aldurs, starfsaldurs, menntunar, stjórnunarstöðu, starfsvettvangs og starfssvæðis um grunnlaun (log) fólks í fullu starfi í febrúar 2020.

	Aðhvarfs- stuðull (β)	Staðal- villa	Hlutfalls- legur munur	Öryggisbil (95%)		Marktekt ¹
				Neðri mörk	Efri mörk	
Kyn - Karl	0,012	0,017	1,2%	-2,1%	4,6%	e.m
Aldur	0,024	0,008	2,5%	0,8%	4,2%	**
Aldur (í öðru veldi)	0,000	0,000	0,0%	0,0%	0,0%	*
Starfsaldur	0,016	0,004	1,6%	0,9%	2,4%	***
Starfsaldur (í öðru veldi)	0,000	0,000	0,0%	-0,1%	0,0%	***
Menntun - Meistaragráða ²	0,059	0,025	6,1%	1,0%	11,4%	*
Menntun - Doktorsgráða ²	0,126	0,039	13,4%	5,1%	22,4%	**
Stjórnun - Verkefnastjóri ³	0,068	0,017	7,1%	3,6%	10,6%	***
Stjórnun - Millistjórnandi ³	0,226	0,020	25,3%	20,4%	30,4%	***
Stjórnun - Yfirstjórnandi ³	0,398	0,030	48,9%	40,4%	58,0%	***
Starfsvettvangur - Einkafyrirtæki	0,153	0,019	16,6%	12,4%	20,9%	***
Starfssvæði - Höfuðborgarsvæði	0,060	0,021	6,2%	2,0%	10,6%	**
Fasti	5,773	0,163	-	-	-	***
Leiðrétt R2	0,469					

¹ Marktektur munur er merktur með eftirfarandi hætti: * $p \leq 0,05$; ** $p \leq 0,01$; *** $p \leq 0,001$; e.m. ekki marktækt.

² Menntun var kóðuð með vísbreytum þar sem bakkalágráða var viðmiðunarhópurinn.

³ Stjórnunarstaða var kóðuð með vísbreytum þar sem engin stjórnunarstaða var viðmiðunarhópurinn.

* Þar sem sveiglinutengsl eru milli bæði aldurs og starfsaldurs og launa, þá eru báðar þessar breytur einnig notaðar í líkaninu í öðru veldi.

Heildarlaun 1. mars 2020

Heildarlaun (grunnlaun auk yfirvinnugreiðslna) fyrir fullt starf í febrúar 2020 hjá körlum voru 1.004 þús. kr. og 921 þús. kr. hjá konum. Að jafnaði voru því heildarlaun karla rösklega 9% hærri en kvenna. Í eftirfarandi töflu eru niðurstöður aðhvarfsgreiningar á leiðréttum kynbundnum launamun á heildarlaunum. Þegar búið er að stýra fyrir áhrifum aldurs, starfsaldurs, menntunar, stjórnunarstöðu, fjölda unninna yfirvinnustunda í febrúar, starfsvettvangs og starfssvæðis voru karlar að jafnaði með 0,4% hærri heildarlaun en konur. Þessar niðurstöður gefa til kynna að karlar séu með á bilinu 2,7% lægri laun en konur upp að 3,6% hærri laun, að teknu tilliti til aldurs, starfsaldurs, menntunar, stöðu, fjölda yfirvinnustunda í febrúar, starfsvettvangs og starfssvæðis. Því er ekki hægt að greina að um kynbundinn launamun sé að ræða meðal verkfræðinga í fullu starfi.

Tafla B. Heildarlaun

Aðhvarfsgreining á forspárgildi kyns, aldurs, starfsaldurs, menntunar, stjórnunarstöðu, yfirvinnustunda, starfsvettvangs og starfssvæðis um heildarlaun (log) fólks í fullu starfi í febrúar 2020.

	Aðhvarfs- stuðull (β)	Staðal- villa	Hlutfalls- legur munur	Öryggisbil (95%)		Marktekt ¹
				Neðri mörk	Efri mörk	
Kyn - Karl	0,004	0,016	0,4%	-2,7%	3,6%	e.m
Aldur	0,024	0,008	2,4%	0,8%	4,1%	**
Aldur (í öðru veldi)	0,000	0,000	0,0%	0,0%	0,0%	*
Starfsaldur	0,016	0,003	1,6%	0,9%	2,3%	***
Starfsaldur (í öðru veldi)	0,000	0,000	0,0%	-0,1%	0,0%	***
Menntun - Meistaragráða ²	0,063	0,024	6,5%	1,7%	11,5%	**
Menntun - Doktorsgráða ²	0,119	0,037	12,6%	4,7%	21,0%	**
Stjórnun - Verkefnastjóri ³	0,055	0,016	5,7%	2,5%	9,0%	***
Stjórnun - Millistjórnandi ³	0,212	0,019	23,6%	18,9%	28,4%	***
Stjórnun - Yfirstjórnandi ³	0,347	0,029	41,5%	33,6%	49,7%	***
Unnar yfirvinnustundir í febrúar	0,003	0,000	0,3%	0,2%	0,4%	***
Starfsvettvangur - Einkafyrirtæki	0,117	0,018	12,4%	8,6%	16,4%	***
Starfssvæði - Höfuðborgarsvæði	0,055	0,020	5,6%	1,6%	9,8%	**
Fasti	5,844	0,154	-	-	-	***
Leiðrétt R2	0,469					

¹ Marktækur munur er merktur með eftirfarandi hætti: * $p \leq 0,05$; ** $p \leq 0,01$; *** $p \leq 0,001$; e.m. ekki marktækt.

² Menntun var kóðuð með vísbreytum þar sem bakkalágráða var viðmiðunarhópurinn.

³ Stjórnunarstaða var kóðuð með vísbreytum þar sem engin stjórnunarstaða var viðmiðunarhópurinn.

Heildargreiðslur 1. mars 2020

Heildargreiðslur (heildarlaun auk allra annarra greiðslna, svo sem dagpeninga, bílagreiðslna, bónusa og eingreiðslna) fyrir fullt starf í febrúar 2020 hjá körlum voru 1.018 þús. kr. og 936 þús. kr. hjá konum. Að jafnaði voru því heildargreiðslur karla tæplega 9% hærri en kvenna. Í eftirfarandi töflu eru niðurstöður aðhvarfsgreiningar á leiðréttum kynbundnum launamun á heildargreiðslum. Þegar búið er að stýra fyrir áhrifum aldurs, starfsaldurs, menntunar, stjórnunarstöðu, fjölda unninna yfirvinnustunda í febrúar, starfsvettvangs og starfssvæðis voru karlar að jafnaði með 0,5% hærri heildarlaun en konur. Þessar niðurstöður gefa til kynna að karlar séu með á bilinu 2,6% lægri laun en konur upp að 3,7% hærri laun, að teknu tilliti til aldurs, starfsaldurs, menntunar, stöðu, fjölda yfirvinnustunda í febrúar, starfsvettvangs og starfssvæðis. Því er ekki hægt að greina að um kynbundinn launamun sé að ræða meðal verkfræðinga í fullu starfi, en þetta eru mjög áþekkar niðurstöður og þegar um heildarlaun er að ræða.

Tafla C. Heildargreiðslur

Aðhvarfsgreining á forspárgildikyns, aldurs, starfsaldurs, menntunar, stjórnunarstöðu, yfirvinnustunda, starfsvettvangs og starfssvæðis um heildargreiðslur (log) fólks í fullu starfi í febrúar 2020.

	Aðhvarfs- stuðull (β)	Staðal- villa	Hlutfalls- legur munur	Öryggisbil (95%)		Marktækt ¹
				Neðri mörk	Efri mörk	
Kyn - Karl	0,005	0,016	0,5%	-2,6%	3,7%	e.m
Aldur	0,026	0,008	2,6%	1,0%	4,3%	**
Aldur (í öðru veldi)	0,000	0,000	0,0%	0,0%	0,0%	**
Starfsaldur	0,016	0,004	1,6%	0,9%	2,3%	***
Starfsaldur (í öðru veldi)	0,000	0,000	0,0%	-0,1%	0,0%	***
Menntun - Meistaragráða ²	0,064	0,024	6,6%	1,7%	11,7%	**
Menntun - Doktorsgráða ²	0,107	0,037	11,3%	3,4%	19,7%	**
Stjórnun - Verkefnastjóri ³	0,052	0,016	5,4%	2,1%	8,8%	**
Stjórnun - Millistjórnandi ³	0,208	0,020	23,1%	18,4%	28,0%	***
Stjórnun - Yfirstjórnandi ³	0,343	0,029	40,9%	33,0%	49,2%	***
Unnar yfirvinnustundir í febrúar	0,003	0,000	0,3%	0,2%	0,4%	***
Starfsvettvangur - Einkafyrirtæki	0,098	0,018	10,3%	6,4%	14,2%	***
Starfssvæði - Höfuðborgarsvæði	0,058	0,020	6,0%	1,9%	10,2%	**
Fasti	5,836	0,157	-	-	-	***
Leiðrétt R2	0,469					

¹ Marktækur munur er merktur með eftirfarandi hætti: * $p \leq 0,05$; ** $p \leq 0,01$; *** $p \leq 0,001$; e.m. ekki marktækt.

² Menntun var kóðuð með vísbreytum þar sem bakkalágráða var viðmiðunarhópurinn.

³ Stjórnunarstaða var kóðuð með vísbreytum þar sem engin stjórnunarstaða var viðmiðunarhópurinn.

Árið 2019 greindist leiðréttur kynbundinn launamunur á bæði heildarlaunum og heildargreiðslum verkfræðinga og var hann þá á bilinu 3,2-3,3%, en enginn munur var á grunnlaunum. Í ár hefur leiðréttur kynbundinn launamunur á heildarlaunum og heildargreiðslum minnkað það mikið að sá litli munur sem greinist er ekki tölfræðilega marktækur.